

**Námsáætlun fyrir íslensku - 10. bekkur**  
**skólaárið 2024 - 2025**



**Kennari:** Særún Rósa Ástþórsdóttir

**Tímafjöldi:** 3 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<b>Skapaðu og skrifaðu</b>	Nemandi geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas. Samið texta frá eigin brjósti og beitt fjölbreyttu tungutaki í skapandi ritun. Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar. Aflað sér áreiðanlegra upplýsinga og heimilda um ákveðið efni og sagt frá með eigin orðum.	Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða. Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.	Ritunarverkefni: Bærinn minn – Suðurnesjabær.  Skapandi skrif – saga skrifuð út frá kveikjum.  Málæði – verkefni frá List fyrir alla, textaskrif.
<b>Hvað skiptir mestu máli?</b>	Lesið fjölbreyttan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað. Greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.	Lesskilningur efldur með markvissum æfingum. Gagnvirkur lestur þjálfaður. Finna áherslur, kjarna og aðalatriði í texta	Útdrættir/aðalatriði úr texta
<b>Hvað finnst þér um það?</b>	Nemandi geti Tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, Beitt reglum um rétttritun. Valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu.	Um rökfærsluritun	Stuttar æfingar í framsögn  Ritunarverkefni rökfærsluritun  Framsögn – rökfærsluritun upplestur  Verkefni úr bókinni Útbrot

	<p>Leitað og aflað sér heimilda og unnið með þær, t.d. úr gagnagrunnum o.fl.</p> <p>Gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og fas til að halda athygli áheyrenda.</p>		
<b>Allar þessar sögur...</b>	<p>Lesið, túlkað, metið og fjallað um íslenskar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.</p> <p>Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi og beitt mismunandi aðferðum við lestur.</p>	<p>Unnið með sögubrot úr bókinni Mér er í mun.</p> <p>Gagnvirkur lestur</p> <p>Hlustun</p>	<p>Verkefni í gagnvirkum lestri</p> <p>Kynningar hópa</p>
<b>Englarnir</b>	<p>Nemandi geti</p> <p>Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.</p> <p>Nýtt sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.</p> <p>Notað orðabækur og önnur hjálpargögn.</p> <p>Lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.</p> <p>Beitt grunnhugtökum í bókmenntum, svo sem innri og ytri tíma, sjónarhorn og umhverfi.</p> <p>Beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.</p>	<p>Bókin Englalr alheimsins lesin.</p> <p>Umræður og verkefnavinna.</p>	<p>Kompan – lestrardagbók og verkefnabók</p> <p>Valverkefni að loknum lestri</p>

<p><b>Af hverju er þetta svona?</b></p>	<p>Nemandi geti Beitt helstu málfræðihugtökum, Valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.</p> <p>Flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna.</p> <p>Gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því.</p> <p>Áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka.</p>	<p>Áhersla verður lögð á einkenni og hlutverk orðflokka, setningafræði, hljóðfræði og málnotkun.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>
<p><b>Námsgögn:</b> Englar alheimsins, Mér er í mun, Heimir, Ritunarvefurinn (MMS),</p>			
<p><b>Lokanámsmat:</b> Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C, D.</p>			